


# Vilhjálmur Bergsson sýnir á Kjarvalsstöðum

1 dag kl. 2 opnar Vilhjálmur Bergsson listmálari sína fimmtánda einkasýningu að Kjarvalsstöðum og sýnir þar 75 nýleg málverk. Vilhjálmur hefur

áður sýnt 8 sinnum í Reykjavík en 6 sinnum í Kaupmannahöfn. Síðasta einkasýning Vilhjálms var í fyrri í Galleri Per Sten í Kaupmannahöfn. Í sýningarskrá



Vilhjálmur Bergsson við dýrustu myndina á sýningunni. Hún heitir *Prenna* og kostar 830 þúsund. Í henni má sjá að ný beinlínuform eru farin að sjást hjá Vilhjálmi (Ljósmanneik).

með þeirri sýningu sagði hann m.a. um sjálfan sig:

„Fyrir rúmum áratug lenti ég í þeirri úlfakreppu að listastefnur nútímans sem ég hafði áður aðhyllt voru orðnar gjörsamlega þýðingarlausar fyrir mig. Mér fannst engu við að bæta á einstökum búsam þeirra. Súrealismi og abstraktlist voru í föstum farvegi með sínum eigin spilarögum sem ég hafði enga löngun til að fylgja áfram því að það gat ekki leitt til annars en stöðunar. Einmitt þá fór nýða-da-isminn, hin svokallaða popplist, eins og eldur í sínu um heiminn. Þegar mér varð það ljóst, að fljótlega yrði hún jafn útjöskuð eins og allt hitt, gat hún ekki hjálpað mér í erfiðleikum mínum. Þær myndir sem ég málaði þá voru í raun og veru ekki annað en dimm eyðimörk þar sem ýmis konar óákveðnir hlutir reyndu að þrengja sér inn í ljósið. Smá saman tóku þeir fastari mynd og hinir dökku og ljósu fletir myndarinnar runnu saman og aðgreindust. Það var upphafið að því samspili lits og forms sem ég hef síðan aðhyllt.“

—GFR

# Þjóðgarðar, fólkvangar og friðlýst svæði

Efni bókar í tilefni af 50 ára afmæli Menningarsjóðs og Menntamálaráðs

Menntamálaráð og Menningar-sjóður er hálfraar áttar gamall um

þessar myndir. Í tilefni af afmælinu var samþykkt á 1087. fundi



Menntamálaráð sem setið hefur undanfarin 4 ár. F.v. Hrólfur Halldórsson forstöðumaður Menningarsjóðs og bókaútgáfunnar en hann gegnir nú því starfi í forföllum Gíls Guðmundssonar, Matthías Johannesen, Baldvin Tryggvason, Kristján Benediktsson form., Björn Th. Björnsson og Jón Sigurðsson.

ráðsins hinn 4. apríl s.l. að efna til útgáfu bókar um þjóðgarða Íslands, fólkvanga og friðlýst svæði. Ritstjóri bókarinnar verður Gísl Jónsson menntaskólakennari á Akureyri, en útgáfufélag hennar skipa Baldvin Tryggvason sparisjóðsstjóri, Björn Th. Björnsson listfræðingur, Jónas Jónsson formaður Skógræktarfélag Íslands og Sigurður Þórarinnsson jarðfræðingur.

Bókin verði eins konar hringferill um landið og einstakir menn fengnir til að rita um ákveðinn stað eða staði, en sérstakur ritstjóri verði ráðinn og velji hann höfundu í samráði við útgefanda, sjái um samræmingu og fullvinnslu til útgáfu. Ritstjóra til ráðuneytis verði útgáfufélag er Menntamálaráð velur. Skulu þessir aðilar í sameiningu gera sem nákvæmasta áætlun um verkið og leggja þá áætlun fyrir Menntamálaráð til samþykktar ásamt með grófri kostnaðaráætlun og tímasetningu um útkomu.

Bókin verði hugsuð sem stofn, er síðar megi endurskoða og bæta við eftir því sem aðstæður breytast og friðlýstum svæðum fjölga.

Um broti bókarinnar verði hagið með tilliti til þess, að unnt sé að gefa hana út með tvenns konar umbúnaði, sem leiðarabók og einnig í vandaðri myndskreyttri útgáfu.

—GFR

# Ráðstefna um verkmenntunarmál

Samband iðnskóla á Íslandi gengst fyrir ráðstefnu um málefni verkmenntunar föstudaginn 21. apríl n.k. í Iðnskólanum í Reykjavík.

Ráðstefnu þessari er ætlað að vekja almenna athygli á stöðu verkmenntunar í íslenska menntakerfinu og finna ráð til að auka hana og bæta, þannig að hún vekji meiri áhuga hjá ungmennum, þegar þau selja sér framtíðarstarf.

Ráðstefnan hefst kl. 9.30 með setningu Þórs Sandholt skólastj. form. S.I.I. og ávarpi menntamálaráðherra Vilhjálms Hjálmarssonar.

Ráðstefnan verður með því sniði að hverju einstöku málefni sem tekið er fyrir mun fylgt úr hlaði með örstuttum framsögurindum, og verða frummælendur þessir:

Jón Sætran kennari, Óskar Guðmundsson framkv. stjóri Iðnfræðsluráðs, Stefán Ólafur Jónsson deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, Sveinn Sigurðsson aðst. skólastjóri, Karl Stefánsson, kennari, Guðmundur Sveinsson skólameistari, Sigurður Kristinsson form. landssambands iðnaðarm. Jónas Sigurðsson frá Iðnnemasambandi Íslands fulltrúar nemenda einstakra skóla, Jóhann S. Hannesson kennari, Ólafur Proppé kennari, Jón Böðvarsson skólameistari, Ólver Karlsson bóndi, Kristinn V. Jóhannsson skólastjóri og Ólafur Asgeirsson skólameistari.

Til ráðstefnu þessarar er boðið öllum þeim sem áhuga hafa eða hagsmunu hafa að gæta, og er væntanlegum þátttakendum bent á að tilkynna þátttöku sína í síma Sambands iðnskóla á Íslandi 1 26 70.

**160% verðbólga**

13/4 — Verðbólgan í Argentínu fyrsta fjórðung þessa árs var rúmlega 29%, og framfærslukostnaður hækkaði um 9,5% í lahdinu í síðastliðnum mánuði. Síðastliðið ár var verðbólgan í Argentínu 160%.

# Íslensku leikverkin vinsæl á Suðurnesjum



Ur Herbergi 213 í Keflavík: Frá v. Rósamunda, Hjördis, Steinar og Jenný.

# Herbergi 213 í Keflavík

Sex leikrit sett á svið í vetur hjá fjórum leikfélögum


Leikfélag Keflavíkur hefur sýnt Herbergi 213 eftir Jökul Jakobsen tvisvar sinnum við mjög góðar undirtektir. Leikstjóri er Þórunn Sigurðardóttir. Á frumsýningu var fullt hús og höfundur viðstaddur. Leikendur eru Ingibjörg Hafliðadóttir, Jenný Lárusdóttir, Hjördis Arnadóttir, Rósamunda Rúnarsdóttir, Marta Haraldsdóttir og Steinar Geirdal.

Næsta sýning á leikritinu er á mánudagskvöld í Stapa. Í leikskrá er fjallað um gróskuna í leiklistarmálum á Suðurnesjum og segir þar m.a.

„Mikil gróska hefur verið í leiklistarlífi á Suðurnesjum í vetur. Alls hafa verið sett á svið sex verkefni hjá fjórum leikfélögum. Það er gleðilegt tímanna tákna af fjögur þeirra eru eftir íslenska höfunda og þau hafa öðrum frem-

ur fundið náð fyrir augum áhorfenda, en hin erlendu verk. Eitt nýtt leikfélag bættist í hópinn fyrir skömmu, Leikfélag Sandgerðis, sem sýnir um þessar mundir sitt fyrsta verk, „Skirn“ eftir Guðmund Steinsson, við mjög góðar undirtektir, enda mjög vel heppnuð sýning að dómþærra mati. Sandgerðingar fara því engu síður vel af stað, heldur en nágrannar þeirra í Garðinum í fyrri, Litla leikfélagið, með Koppalogn Jónasar Arnasonar.

Leikfélögin á Suðurnesjum eru nú alls orðin fjögur. Hópurinn er því orðinn ærið stór, sem leggur það á sig að lifga svoltið upp á tilveruna í héraðinu, — endurgjaldslaut. Aðeins sá sem reynir, getur áttá sig á þeim tíma og þeirri fyrrihöfn, sem fylgir hverri uppfærslu, en leikendur og annað starfsfólk er ekki að telja það eftir sér, en stundum finnst þeim að leiklistinni sé litill gaumur gefinn þegar ráðist er í byggingar eða endurbætur samkomuhúsanna á Suðurnesjum. Og vist er um það að eigi leiklist að dafna í héraðinu, þá verður að taka húsnæðismálin fastari tókum.“



# Leikári lýkur í Leikbrúðulandi Allra síðasta sýning

A sunnudaginn kemur verður allra síðasta sýning í Leikbrúðulandi á þessu leikári. Sýningin verður kl. 3, á Frikirkjuvegi 11. Seinna í sumar verður haldið út

á land og einnig hefur verið ákveðið, að Leikbrúðuland taki þátt í hátíðahöldunum í Vestmannaeyjum, sem kennd hafa verið við „manninn og hafið“.

# Ártúnshöfðasamtökin

Aðalfundur verður haldinn þriðjudaginn 18. apríl 1978, kl. 16, í matstofu Miðfells h/f. að Funhöfða 7

1. Borgarstjóri heimsækir fundinn og skýrir stöðu borgarinnar og þær framkvæmdir sem gerðar verða á Ártúnshöfða svæðinu af borgarinnar hálfu á árinu 1978.
2. Aðalfundarstörf
3. Fegrun og snyrting umhverfisins
4. Næturvarsla
5. Önnur mál

Stjórnin